

Skýrsla stjórnar



*Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu
starfsárið 2024 til 2025*

Frá aðalfundi 26.03.2024 til 05.03.2025

Lögð fram á aðalfundi 5. mars 2025

Skýrsla stjórnar:

Inngangur

Skýrslan er samin af stjórn Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og fjallar um starfsemi og frammistöðu félagsins á starfsárinu 2024-2025. Hlutverk stjórnar er að tryggja árangursríka stefnumótun og rekstur, sem styður við markmið og framtíðarsýn félagsins.

Það var á stefnuskrá stjórnarinnar að virkja félagsmenn til starfa fyrir félagið og sú stefna mun vera áfram á komandi starfsári.

Framgangur verkefna á starfsárinu

Stjórnarfundir voru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina.

Félagsmenn tóku virkan þátt í málefnaþópum, nefndum og stjórnnum hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ). Meðal þeirra sem störfuðu hjá ÖBÍ á starfsárinu voru Þorbera Fjölnisdóttir, Sunna Elvira Þorkelsdóttir og Alma Ýr Ingólfisdóttir, sem jafnframt er formaður ÖBÍ. Þeir sem voru í málefnaþópum Pála Kristín Bergsveinsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir,

Formaður Logi Þróstur Linnet fór á námskeið á vegum ÖBÍ um hvernig er að starfa í félagsamtökum.

Mikið var leitað til skrifstofu félagsins til að fá aðstoð við fjármál, réttindamál og umsóknir, þeir sem leita til skrifstofu vegna fjármála hefur aukist milli ára sem sýnir að margir félagsmenn eiga erfitt með að ná endum saman.

- 68 manns fengu aðstoð við fjármál, réttindamál og umsóknir á árinu 2024.

Starfsemi og viðburðir:

Rekstur félagsheimilisins hefur gengið vel og er Önnu Kristínu Sigvaldadóttur og Trausta Jóhannessyni þökkun góð störf fyrir félagið.

Félagið hélt haustfagnað 5. október í samvinnu við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR), og var aðsókn í viðburðinn meiri en nokkru sinni fyrr.

Á starfsárinu voru eftirtaldir viðburðir fastir liðir í félagslífi:

- Bingó:** Haldið annan hvern miðvikudag frá september 2024 til mars 2025. Þátttaka hefur aukist verulega. Sigrún Pétursdóttir og Linda Sólrún Jóhannesdóttir sáu um skipulagningu.

- **Samvera og súpa:** Haldið á þriðjudögum yfir vetrarmánuðina. Aðsókn hefur verið góð. Guðrún Elísabet Bentsdóttir og Súsanna Fimbogadóttir sáu um matseldina.
- **Kriki – "Paradísín okkar":** Opið var alla daga nema mánudaga og laugardaga frá maí til ágúst 2024 og síðan á miðvikudögum, fimmtudögum, föstudögum og sunnudögum út september 2024. Stjórnin þakkar sjálfbóðaliðum sem halda Krika opnum.

Þakviðgerðir

Í vetur kom upp leki á þaki félagsheimilisins, og við skoðun kom í ljós að þakið er steipt og án papp. Í kjölfarið var aflað tilboða í nauðsynlegar lagfæringar, og hefur verkið þegar hafist. Framkvæmdirnar eru unnar af Nýtt þak ehf., og nemur kostnaður við okkar hluta verkefnisins 4.123.155 kr.

Sjálfsbjörg lsh mun standa straum af kostnaði við lagfæringar á sundlaugarþakinu.

Niðurrif og endurnýjun lofts í sal

Vegna leka í lofti salarins og til að koma í veg fyrir myglu er nauðsynlegt að fjarlægja núverandi loft. Verið er að afla tilboða í niðurrif og uppsetningu nýs kerfislofts. Loftið verður tekið niður í eina hæð.

Áætlaður kostnaður verkefnisins er um 5 milljónir króna. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist í maí/júní.

Félagið byggir á öflugu starfi sjálfbóðaliða, og vill stjórnin sérstaklega þakka eftirtöldum einstaklingum fyrir framlag þeirra: Ása Hildur Guðjónsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir, Linda Sólrún Jóhannesdóttir, Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Ólína Ólafsdóttir, Súsanna Fimbogadóttir, Sigrún Pétursdóttir, Sævar Guðjónsson, Ólafur Bjarni Tómasson og Birgitta Rós Nikulásdóttir.

Stjórn og stjórnendur:

Í stjórn og varastjórn sátu á starfsárinu:

- **Formaður:** Logi Þróstur Linnet
- **Varaformaður:** Björk Sigurðarsdóttir
- **Gjaldkeri:** Linda Sólrún Jóhannesdóttir
- **Ritari:** Brandur Bryndísarson Karlsson
- **Meðstjórnandi:** Guðmundur Haraldsson

Varamenn: Sigvaldi Búi Þórarinsson, Ólafur Bjarni Tómasson, Elísabet Magnúsdóttir, Pála Kristín Bergsveinsdóttir og Guðrún Elísabet Bentsdóttir.

Launaðir starfsmenn:

- Anna Kristín Sigvaldadóttir (skrifstofa og bókhald)
- Trausti Jóhannesson (umsjón félagsheimilis)

Félagsmenn:

Félagsmenn voru 1032 þann 1. janúar 2025.

- 5 hættu í félaginu á árinu 2024.
- 6 voru teknir út vegna skuldar í 4 ár.
- 15 félagar létust á árinu.

Niðurlag:

Stjórnin þakkar öllum sem hafa lagt sitt af mörkum til starfsins. Félagið horfir bjartsýnum augum til framtíðar og metur mikils það traust og þann stuðning sem það hefur notið.

Fyrir hönd stjórnar Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu:

Logi Þróstur Linnet, formaður 2023